

Fundur 18. nóvember 2004

Ár 2004 þann 18. nóvember kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn auk Ragnars Jóhannssonar slökkviliðsstjóra. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

1) Fyrir var tekin beiðni Eyglóar Kristjánsdóttur f.h. Þrjú ehf um byggingarleyfi fyrir parhúsi við Grettiströð 1-3 á Reykhólum. Á fundi hreppsnefndar 11. nóvember var Þrjú ehf úthlutað umræddri lóð.

Byggingarnefnd bendir á að athuga þarf nafn á þeirri götu sem húsin standa við, en tæplega er rökrétt að kalla þá götu Grettiströð. Slökkviliðsstjóri benti á að björgunarop væru væntanlega of lítil, en samanlögð breidd og hæð þarf að vera 1,5 metrar. Byggingarfulltrúa falið að ganga úr skugga um það.

Teikningar samþykktar að öðru leyti. Nefndin vekur þó athygli á að óheppilegt kunni að vera að bæði aðalinngangur og bílskúrshurðir snúi upp í ríkjandi vindátt.

2) Sigurður Torfi Sigurjónsson og Björk Stefánsdóttir óska eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á lóðinni nr. 48 við Hellisbraut á Reykhólum. Grunnflötur hússins með bílageymslu er 209,6 fermetrar. Um er að ræða timburgrindarhús, en sökklar og plata eru staðsteypt. Teikningarnar eru samþykktar.

Slökkviliðsstjóri yfirgaf fundinn kl. 11:10

Ragnar Jóhannsson (sign)

3) Á fundi hreppsnefndar 11. nóvember var byggingarnefnd falið að semja gjaldskrá fyrir Reykhólahrepp um gatnagerðargjald.

Sveitarstjóri lagði fram lög um gatnagerðargjald nr. 17/1996, reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996 og enn fremur gjaldskrá um gatnagerðargjald í Grundarfirði til glöggvunar.

Ákveðið að halda vinnufund fljótlega þar sem samin yrði gjaldskrá.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:35

Þórður Jónsson (sign)

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)